



ÞORLÁKSHÖFN

Áætlun/lýsing á móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleyfa frá skipum

Markmið

Tilgangur með gerð áætlunarinnar um meðhöndlun úrgangs og farmleyfa er m.a. til að koma í veg fyrir mengun frá skipum og auðvelda áhöfnun og eigendum skipa að losna við úrgang á eins skilvirkan og hagkvæman hátt og tók eru á.

Hafnarsjóður Þorlákshafnar fylgir samþykktri umhverfisáætlun Þorlákshafnar og er skilvirk og ábyrg móttaka úrgangs frá skipum einn þeirra þátta sem lögð er áhersla á. Áætlun þessi gildir í samræmi við reglugerð nr. 1200/2014 um móttöku á úrgangi og farmleifum frá skipum um skip sem koma til Þorlákshafnar. Grundvöllur áætlunarinnar eru lög um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004, lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, reglugerð nr. 1200/2014 um móttöku á úrgangi og farmleifum frá skipum, reglugerð nr. 1201/2014 um gjaldtöku í höfnum vegna losunar, móttöku, meðhöndlunar og förgunar úrgangs og farmleifa frá skipum, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, með síðari breytingum, reglugerð nr. 586/2017 um innleiðingu viðauka við alþjóðasamning um varnir gegn mengun frá skipum, 1973, með breytingum samkvæmt bókun 1978 (MARPOL-samningur). nr. 809/1999 um olíuúrgang, með síðari breytingum.

Lýsing á höfn og starfsemi

Í Þorlákshöfn fer fram blönduð hafnarstarfsemi innlendra og erlendra fiskiskipa, flutningaskipa og ferju. Skipakomur á ári eru um 1680, þar af eru um 140 flutningaskip og komur Herjólfur voru um 380 árið 2019.

Flutningaskipin losa áburð og salt í stórsekkjum, fiskiolíur o.fl. Flutningaskipin lesta vikur, möl, fiskafurðir o.fl. Ferjan Mykines kemur vikulega alla föstudaga og flytur alskinnis vörur, bíla og tæki til landsins og aðallega sjávarafurðir út. Aukist hefur umferð brunnbáta sem lesta laxfiskseiði til áframeldis innan- og utanlands. Vestmannaeyjaferjan Herjólfur hefur einnig varaaðstöðu í Þorlákshöfn ef ekki er hægt að sigla í Landeyjarhöfn.

Skemmtiferðarskip kom einu sinni til Þorlákshafnar 2019.

Sveitarfélagið Ölfus er með samning við Terra ehf um sorphirðu í sveitarfélaginu og á það einnig við um höfnina. Allt sorp fer í viðurkenndan farveg í gegnum Terra ehf.

Ekki fer fram formeðferð úrgangs og farmleyfa í Þorlákshöfn.

Mat á þörf

Á hafnarsvæðinu eru fimm 10 m³ lokaðir ruslagámar, einn opinn gámur fyrir net og tóg auk nokkurra 700 ltr. plastgáma. Fjöldi sorphlata hefur reynst nægur.

Eigandi hafnarinnar er Sveitarfélagið Ölfus sem rekur móttöku- og flokkunarstöð innan skilgreinds hafnarsvæðis þar sem tekið er á móti úrgangi, s.s. spilliefnum. Söluaðilar olíu taka á móti úrgangsolíu með þar til gerðum búnaði.

Vegna hagræðis, kostnaðar og umfangs Hafnarsjóðs Þorlákshafnar er söfnunarstöðin samnýtt um þann úrgang sem fellur á hafnarsvæðinu og Terra flytur ekki á brott.

Starfsmenn Hafnarsjóðs Þorlákshafnar eru þrír og standa þeir vaktir auk hafnarstjóra.

Rekstur móttöku- og flokkunarstöðvarinnar fellur undir rekstur Þjónustumiðstöðvar Sveitarfélagsins Ölfuss og eru starfsmenn þar á þeirra vegum.

Lýsing á móttöku úrgangs

Áhafnir og löndunarmenn fiskiskipa losa grófflokkaðan úrgang í gáma sem staðsettir eru á löndunarbyggju. Þar er einnig gámur fyrir net og tóg.

Útgerðir fiskiskipa sjá um að losa spilliefni, olíur, járnstykki, grjót og stærri hluti á móttöku- og flokkunarstöð sveitarfélagsins. Útgerðir sjá um að panta uppðælingabíla til losunar á úrgangsolíum.

Erlend skip losa heimilissorp í gáma á hafnarsvæðinu í samráði við hafnarstarfsmenn. Ef magnið er mikið sjá hafnarstarfsmenn um að útvega gám undir úrgang eða hirðubíl frá viðurkenndum þjónustuaðila sem sendur er að skipshlið.

Hafnarstarfsmenn útbúa kvittanir fyrir móttökunni þar sem magn hvers úrgagnsflokks frá viðkomandi skipi í m³ er skráð.

Umboðsmenn flutningaskipa panta uppðælingabíla ef þess er þörf.

Ekki hefur verið tekið á móti skólpi frá skipum í Þorlákshöfn en sé óskað eftir því er hægt að fá dælubíla að skipshlið.

Gjaldtaka

Gjaldtaka er samkvæmt gjaldskrá Hafnarsjóðs Þorlákshafnar og er birt á heimasíðu sveitarfélagsins www.olfus.is.

Fiskiskip greiða mánaðargjald eftir stærð skipa. Rukkað er sérstaklega ef hreinsa þarf bryggjur og ef magn er það mikið að panta þurfi bíl eða sorpgám frá Terra.

Losun í gáma

Notendur hafnarinnar losa sjálfir úrgang í gáma á hafnarsvæðinu undir eftirliti hafnarstarfsmanna.

Vanbúnaður

Ef skipstjóri, eigandi eða umboðsmaður skips eða aðrir notendur hafnarinnar vilja koma á framfæri ábendingum um hvað betur má fara eða bera fram kvartanir vegna þjónustu hafnarinnar, s.s. vegna ófullnægjandi móttökuaðstöðu fyrir úrgang, skal viðkomandi snúa sér til hafnarstarfsmanna. Einnig getur viðkomandi sent inn skriflegt erindi eða kvörtun til hafnarstjóra á netfangið hjortur@olfus.is. Brugðist verður við ábendingum og kvörtunum eins fljótt og kostur er.

Telji viðkomandi umkvörtunarefnið vera þess eðlis að vekja þurfi athygli umhverfisyfirvalda á því, ber honum að senda athugasemd til Umhverfisstofnunar. Ábendingum um ófullnægjandi

móttökuaðstöðu í höfnum má koma á framfæri við Umhverfisstofnun með því að fylla út þar til gert eyðublað á heimasíðu stofnunarinnar (SafeSeaNet):

<http://ust.is/atvinnulif/haf-og-vatn/mengun-fra-skipum/#Tab4>

Eyðublaðið er einnig að finna á enskri útgáfu á heimasíðunna:

<https://www.ust.is/default.aspx?pageid=504d0e73-421b-11e7-941e-005056bc2afe>

Þegar SafeSeaNet tilkynningar berast er farið yfir tilkynningarnar og athugað hvort tilkynningin er rétt útfyllt og hvort skila eigi úrgangi í land. Ef misræmi er í upplýsingum í tilkynningu eða hún rangt útfyllt, er haft samband við skipstjóra/umboðsmann skips og farið fram á að send verði ný leiðrétt tilkynning.

Ef fyrirhugað er að setja úrgang eða farmleifar í land er brugðist við með viðeigandi hætti. Þegar misræmi er milli þess sem kemur fram í tilkynningu og raunverulegu magni úrgangs sem sett er í land þá gerir hafnarstarfsmaður athugasemd við skipstjóra/umboðsmann skips og fer fram á leiðréttingu. Ef misræmi er ítrekað hjá sama skipi eða tilkynning rangt útfyllt þá tilkynnir hafnarstarfsmaður það til Umhverfisstofnunar eða Samgöngustofu (hafnarríkiseftirlits).

Samráð

Stöðugt samráð er haft við notendur hafnarinnar varðandi umgengni við sorpgáma og meðhöndlun úrgangs. Hafnarstarfsmenn hafa samband við starfsmenn Terra þegar losa þarf gámana.

Terra ehf., Hringhellu 6, 221 Hafnarfirði, Sími: 535 2550

Tegund og magn

Um 5,8 tonn af grófflokkuðum úrgangi féllu til að jafnaði á mánuði í gáma á hafnarsvæðinu árið 2019. Úrgangurinn er fluttur í flokkunastöð Terra í Hafnarfirði þar sem hann er vigtaður, losaður og flokkaður.

Inni í þessum tölum er m.a. allur úrgangur sem til fellur hjá flutningaskipum sem settur hefur verið í land í Þorlákshöfn. Heildarmagn þess úrgangs á árinu 2019 var 25,06 m³ og flokkast eftirfarandi:

Lífrænn heimilisúrgangur.....	3,52 m ³
Heimilisúrgangur annar	11,88 m ³
Plast	6,96 m ³
Úrgangsolía	0,50 m ³
Spilliefni	0,10 m ³
Annað	2,10 m ³

Úrgangi úr neta- og tógámi sem var um 17 tonn árið 2019 er ekið í Álfsnes á Kjalarnesi til förgunar. Gámurinn er sóttur eftir þörfum.

Ábyrgð

Hafnarstjóri er yfirmaður hafnarinnar og starfar í umboði Hafnarstjórnar Þorlákshafnar. Eigandi hafnarinnar er Sveitarfélagið Ölfus.

Áætlun

Ekki eru fyrirhugaðar breytingar á vinnulagi sorpmála við höfnina í Þorlákshöfn á næstunni nema komi til meiriháttar breytingar á rekstri eða starfsemi hafnarinnar. Næsta endurskoðun fer fram árið 2021.

Þorlákshöfn 15 júní. 2020

Hjörtur B. Jónsson, hafnarstjóri